

**Naustaskóli, júní 2019**



# **Starfsáætlun 8. - 10. bekkjar skólaárið 2019 - 2020**

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag	2
Kennsluhættir	3
Náms- og kennslusvæði	3
Aðkoma list- og verkgreinakennara	3
Áætlanir	3
Námsaðlögun	4
Námsgreinar	4
Stærðfræði	4
Íslenska	5
Enska	5
Þema	6
Smiðjur	6
Danska	6
Jákvæður agi - Bekkjafundir	6
Námsmat	7
Námsmat á mentor	7
Sýnimappa á skólaslitum	7
Foreldrasamstarf	8
Skólaferðalag 10. bekkjar	8
Samstarf í teyminu	8
Umsjónarhópar 2018 - 2019	8

## Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Allir nemendur fá stundatöflu sem skipulögð er út frá námshópum. Hverjum árgangi er skipt upp í tvo námshópa, x og y hóp. Kennsla fer fram á svæðum sem skiptast eftir námsgreinum. Kennslusvæðinu er skipt upp í fjögur mismunandi svæði: Stærðfræði-,

íslensku-, tungumála- og vinnustundarsvæði. Nemendum býðst að fá aðgang að læstum skáp fyrir námsgögn og bækur en eiga ekki frátekið borð.

## Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti, svo sem speglaða kennslu, sjálfstæða vinnu og áætlanagerð, vinnubókarvinnu, fyrirlestra, samvinnu, para – og hópavinnu, hlustun, tjáningu og upplýsingatækni. Upplýsingatækni tengist öllum námsgreinum með mismiklum hætti þar sem verkefnavinna og verkefnaskil munu að stórum hluta fram með rafrænum hætti í gegnum Google Classroom.

## Náms- og kennslusvæði

Kennslusvæðið skiptist í þrjú innlagnasvæði og tvö vinnusvæði þar sem nemendur geta unnið í áætlun og gert hópaverkefni. Svæðinu verður skipt eftir grunngreininum stærðfræði, tungumálum og íslensku. Dönsku- og enskukennsla mun aðallega fara fram í norðausturhorni, íslenska miðsvæðis og stærðfræðikennsla í austurenda kennslusvæðisins. Svokallað vinnustundasvæði er staðsett vestast á svæðinu. Einnig verður náttúrufræðistofan notuð reglulega.

## Aðkoma list- og verkgreinakennara

List- og verkgreinakennarar munu sjá um valgreinakennslu og smiðjutíma sem fara fram eftir hádegi.

## Áætlanir

Við munum halda áfram að nota Google Classroom í kennslunni þar sem það hefur gefist mjög vel undanfarin ár. Kennarar útbúa námshópa eftir þörfum og setja þar inn áætlanir, verkefni, námsgögn og fleira. Einnig er það notað til þess að halda utan um verkefnaskil nemenda og er aðal upplýsingaveita nemenda.

Lögð verður áhersla á að nemendur beri sjálfir ábyrgð á að vinna samkvæmt áætlun og skipuleggi tíma sinn. Kennarar munu einnig fylgjast með framgöngu síns umsjónarhóps.

Í íslensku fá nemendur í aðlöguðu námsefni sérstaka áætlun í gegnum Google Drive og þeim haldið vel að verki. Áfram munu nemendur taka þátt í kennslustund og vinna ýmis bekkjarverkefni eftir getu og tíma.

## Námsaðlögun

Hver og einn námsgreinakennari ber ábyrgð á því að nemendur fái nám við hæfi ásamt umsjónarkennara. Huga þarf að nemendum sem eiga erfitt með að fylgja vinnustundaáætlun. Með komu Google Classroom gefur það kennurum betri yfirsýn yfir nemendur sem þurfa námsaðlögun og geta útbúið sér námsefni og námsumhverfi fyrir þá inn á Classroom.

## Námsgreinar

Námsgreinum er skipt í lotur og unnið með ákveðin skólamarkmið sem skólinn hefur útbúið. Í hverri lotu eru þau síðan metin.

## Stærðfræði

Notast verður við bækurnar, Átta tíu 5-6, Skala 1a og 1b, 2a og 2b, 3a og 3b og æfingarhefti. Almenn stærðfræði I, II, III, og stærðfræði 8+, 9+, 10+ einnig verður stuðst við aukaefni. Notast verður við speglaða kennslu af youtube.com, nemendur geta horft á fyrirlestra bæði heima og í skóla og geta þannig dýpkað skilning sinn á viðfangsefninu. Hver nemandi fær áætlun. Þeir sem eru í aðlöguðu efni fá einnig áætlun. Allar áætlanir eru inn á classroom og mentor.

8. bekkur tekur fimm lotur: Tölur og talnareikningur, rúmfræði, almenn brot og prósentur, tölfræði, algebra og jöfnur.

9. bekkur tekur fimm lotur: Talnareikningur, Föll, Algebra, Mál og mælingar, Rúmfræði og Líkur.

10. bekkur tekur fimm lotur: Rúmfræði og algebra, algebra og jöfnur, föll, líkindareikningur og persónuleg fjármál.

Í hverri lotu fá nemendur áætlun með námsmarkmiðum og dæmum. Nemendur fá dæmaskammt fyrir viku sem er settur inn á classroom og mentor og þurfa þeir að ljúka því í lok hverrar viku. Loturnar eru mislangar, frá 2 vikum upp í 7 vikur. Allar loturnar enda með námsmati eins og könnun, samvinnukönnun, samvinnuverkefnum, google sheet verkefnum, fyrirlestrum og öðrum fjölbreyttum verkefnum. Skiladæmi verða lögð fyrir nokkrum sinnum yfir skólaárið, gerð verða veggspjöld með hugtökum, tilraunir eða öðrum skemmtilegum verkefnum. Áætlun nemenda er byggð upp þannig að nemendur eru með námsmarkmið, dæmi og námsmat sýnileg þar sem tímasetningar eru settar fram. Einnig verður sett inn á áætlanir aukaefni sem nemendur geta notað til að dýpka skilning sinn. Nemendur fá reglulega innlagnartíma, hópvinutíma og vinnustundir.

Ása Katrín Gunnlaugsdóttir og Íris Berglind C. Jónasdóttir sjá um kennslu í stærðfræði.

# Íslenska

Íslenska skiptist í fimm lotur byggðar á markmiðum sem unnin eru út frá markmiðum aðalnámskrár: Lestur og bókmenntir, ritun, málfræði, talað mál, hlustun og áhorf. Mest áhersla verður lögð á lestur og ritun og einnig er stefnt að því að auka áherslu á framsögn með því að láta nemendur kynna verkefni sín.

Nemendur munu lesa fjölbreytta texta. Stuðst verður við fjölbreytt námsefni, bæði bækur og efni á vef. Lögð verður áhersla á að nemendur lesi yndislestrarbækur við sitt hæfi og gert er ráð fyrir að 8. bekkur lesi 4 bækur yfir skólaárið, 9. bekkur 5 bækur og 10. bekkur 6 bækur. Nemendur skila greinargerð úr hverri lesinni bók eða skili vikulegri umsögn um bækurnar sem þau eru að lesa.

Nemendur munu skrifa tvær til þrjár stærri ritgerðir með áherslu á heimildaskráningu, réttritun og lesskilning auk margskonar lesskilnings- og ritunarverkefna. Nemendur skila öllum ritunarverkefnum á Google Classroom og verkefni verða metin með matskvörðum. Einstaka verkefni verður metið með bókstaf.

Áhersla verður lögð á fjölbreytni í verkefnaskilum og nemendum verður gefið tækifæri til að nýta styrkleika sína í bland við að þjálfá þá þætti sem þeir eiga í erfiðleikum með.

Nemendur sem eru með aðlagð námsefni í íslensku verða sérstaklega þjálfaðir í lestri og lesskilningi með léttlestrarefni og vinnubókum þeim tengdum þar sem unnið verður með lesskilning og ýmiskonar verkefni. Ritunarverkefni verða einnig aðlöguð með því til dæmis að láta nemendur skrifa færri orð. Öðrum verkefnum taka allir þátt í, hver á sínum forsendum. Hugmynd er að þeir nemendur sem eru á undan geti unnið aukaverkefni og hækkað sig upp í bókstafinn A.

Katrín Ágústa Thorarensen og Magnús Jón Magnússon sjá um kennslu.

# Enska

Enskunni verður skipt upp í 6 lotur sem voru uppbyggðar út frá viðmiðum og markmiðum skólans og úr aðalnámskrá. Lögð verður áhersla á ritun, hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, námshæfni og menningarläsi. Verkefni vetrarins verða m.a. kynningar (frásögn), kvikmyndaverkefni (menningarläsi), lestur sagna á ensku (lesskilningur) og þýðingarverkefni (isl-ens/ens-isl). Verkefni verða sett saman á þann hátt að vinnan við þau uppfylli þau markmið sem unnið var út frá í lotunni. Nemendur vinna í námsefninu "Spotlight 8/9/10" eftir því hvaða árgangi þeir tilheyra. Nemendur munu taka kannanir í lok hverrar lotu sem sýna stöðu þeirra í ákveðnum viðfangsefnum en námsmat mun aðallega verða í gegnum verkefnagerð.

Þeir nemendur sem þurfa aðlagð námsefni vinna í heftum/verkefnum útbúnum af kennara og fá einstaklingsáætlanir aðlagðar að þeirra getu.  
Björn Benedikt Benediktsson sér um kennslu.

## Þema

Þemað mun byggja að einhverju leyti á samþættingu námsgreina og einnig lotubundinni kennslu í náttúrufræði og samfélagsfræði. Kennst verður m.a. líffræði, efnafræði, eðlisfræði, umhverfisfræði, sögu, trúarbragðafræði, lífsleikni, kynjafræði, stjórnsýslufræði og samfélagsfræði. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, einstaklings- para- og hópverkefni. Nemendur vinna stundum í aldursblönduðum hópum og stundum í hópum innan árgangsins.

## Smiðjur

Á fimmtudögum milli 12:40 og 14:00 fara nemendur á unglíngastigi í smiðjur. Smiðjurnar eru hugsaðar sem viðbót við list- og verkgreinakennslu og til að kenna aðra mikilvæga þætti sem ekki verður komið við á öðrum tíma í stundatöflu.

Nemendur velja sér stöðvar sem þeir eru á í 5 vikur í senn. Fyrirhugað er stórt verkefni í vor. Námsmatið verður með þeim hætti að við hver smiðjuskil haka kennarar við markmið inn á mentor.

## Danska

Í dönsku verður unnið í stuttum lotum sem byggjast á viðmiðum og markmiðum skólans. Áherslupættir eru tjáning, hlustun, ritun, lesskilning, samskipti, námshæfni og menningarlæsi. Verkefni vetrarins verða m.a. tjáning, kynning á sjálfum sér, kvikmyndaverkefni (menningarlæsi), lestur á styttri textum (lesskilningur) og þýðingarverkefni með stutta stíla. Í hverri lotu er unnið í verkefnum sem uppfylla markmið lotunnar.

Nemendur vinna í námsefninu Smart, Smil og Tænk eftir því hvaða árgangi þeir tilheyra. Nemendur taka 3-4 kannanir sem sýna stöðu þeirra í ákveðnum viðfangsefnum en námsmat mun aðallega verða í gegnum verkefnagerð.

Þeir nemendur sem þurfa aðlagð námsefni vinna í heftum/verkefnum útbúnum af kennara og fá einstaklings áætlanir aðlagðar að þeirra getu.

Samskiptaspilið “Danska á allra vörum” verður notað jafnt og þétt yfir veturinn í formi leikja, samskipta og framfærni.

Andri Snær Stefánsson sér um kennslu.

## Jákvæður agi - Bekkjarfundir

Á bekkjarfundum í vetur verður reynt að fara í alla grunnþætti jákvæðs aga til að kenna og efla félagsfærni nemenda. Í upphafi er farið í það að búa til sáttmála fyrir unglíngastigið, nemendur vinna saman að því að búa til viðmið/ramma sem þarf til að tryggja að skólaárið verði

ánægjulegt og árangursríkt fyrir alla. Yfir veturinn verður hver grunnþáttur tekinn koll af kolli á bekkjarfundum:

- Að skapa venjur.
- Mikilvæg störf.
- Sjálfstjórn.
- Samskiptafærni.
- Gagnkvæm virðing.
- Að efla samvinnu.
- Mistök eru tækifæri til að læra.
- Hvatning.
- Að virða fjölbreytileikann.
- Gildi bekkjarfunda.

Með því að fara í þessa þætti læra nemendur að vinna saman með virðingu að leiðarljósi. Nemendur þróa með sér sjálfstjórn, læra að tjá og skilja hugsanir sínar og tilfinningar. Að auki eru bekkjarfundir nýttir til að til að ræða fjölbreytt málefni og atvik sem koma upp. Nemendur læra að koma sjálfir málum á dagskrá á fundunum sem þeir telja mikilvægt að tekin séu fyrir og rædd.

## Námsmat

Við leggjum ríka áherslu á fjölbreytt námsmat sem lagt er fyrir jafnt og þétt yfir skólaveturinn. Við leggjum fyrir kannanir, ritgerðir, einstaklings-, para- og hópverkefni, sjálfsmat og jafningjamat svo eitthvað sé nefnt. Leiðsagnarmat er haft að leiðarljósi til að stuðla að nemendur ígrundi eigin stöðu og átti sig betur á því sem þeir þurfa að bæta sig í.

## Námsmat á mentor

Á Mentor verða nemendur metnir reglulega eftir markmiðum skólans. Markmiðin voru unnin út frá hæfniviðmiðum *Aðalnámskrár Grunnskóla*. Markmiðin eru merkt græn, gul eða rauð. Grænt þýðir að hæfninni hafi verið náð, gult að nemandanum vanti meiri þjálfun og rautt að hæfninni hafi ekki verið náð. Einstaka verkefni verða metin með bókastaf. Hægt er að finna metin markmið inn á Mentor undir námsmat, þar birtast hæfnikort nemenda fyrir hvert fag. Ef nýtt námsmat er komið inn sést fáni á kassanum - námsmat.

## Sýnimappa á skólaslitum

Öll verkefni nemenda eru sýnileg á Classroom og þar af leiðandi teljum við ekki þörf á sérstakri sýnimöppu. Við leggjum áherslu á að foreldrar fari inn á Classroom og skoði verkefni barna sinna þar jafnt og þétt.

# Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf verður með nokkuð hefðbundnu sniði, foreldraviðtöl verða 2x yfir veturinn. Kennarar kosta kapps um að vera í góðu samstarfi við foreldra og munu halda þeim vel upplýstum um nám og líðan barna þeirra allan veturinn með reglulegum póstum. Í ár verður reglulega hakað við markmið á mentor. Með því geta foreldrar fylgst betur með námsframvindu nemendans. Nemendur eru með flest allt sitt námsefni í tölvum eða spjaldtölvum þar sem foreldrar geta fylgst með. Foreldrar geta einnig fengið svokallaðan forráðamanna aðgang að Classroom, þar sem þeir geta séð öll verkefni sem börn þeirra eiga að vinna.

## Skólaferðalag 10. bekkjar

Andri Snær er tengiliður skólans við foreldra í sambandi við skólaferðalag 10. Bekkjar eins og síðustu 2 ár og heldur utan um þetta verkefni. Haldinn verður fundur með foreldrum 10. bekkjar og þeim gert ljóst hvernig uppleggið er og að þau þurfi að taka virkan þátt í söfnun með krökkunum auk þess að vera í gæslu á böllum og slíkt.

Markmiðið er að safna um 80.000 kr á hvern nemanda með margvíslegum fjáröflunum á borð við skólaböll, kökulottó, pizzalottó, gangbrautagæsla, skólablað, sjúkratöskusala, bingó, o.fl. Stefnt er að því að fara í skólaferðalagið í lok maí eins og undanfarin ár. Mikill áhugi er hjá nemendum að byggja ferðina svipað upp og undanfarin ár, þ.e. fara fjögurra daga ferð til Reykjavíkur og í Skagafjörð.

## Samstarf í teyminu

Teymið fundar formlega 2x í viku. Á Þriðjudögum eru skipulagsfundir auk þess sem farið er yfir nemendahópinn. Á miðvikudögum er fundað með skólastjóra þar sem farið er yfir trúnaðar- og nemendamál. Teymið hefur skýra verkaskiptingu þar sem styrkleikar hvers og eins verða nýttir. Yfir skólaárið þarf hver og einn kennari í teyminu að vera einu sinni ritar og formaður. Ritarar skrifa föstudagspóstinn og ritar á fundagerðir og formaður heldur utanum fundarstjórn á fundum.



## Umsjónarhópar 2019 - 2020

<p><b>Andri</b>  Aníta Líf  Dagbjartur Búi  Guðmundur Hlífar  Ían Ásbjörn  Elías  Birkir Haralds  Ísak Páll  María Björg  Regína Lind  Helga Dís  Þórhildur  Haraldur Máni  Alex Máni  Breki  Daníel  Ævar  Mikael Aron  Klara Fanndís  18</p>	<p><b>Íris</b>  Amanda Eir  Helga Vala  Ísidór Elís  Tómas Páll  Lilja Kristín  Logi Steinn  Þorgeir Viðar  Diljá  Kristján  Salka  Vilhjálmur  Jessica  Telma Marý  Bríet  Rakel Rán  Anton Karl  Elvar Hólm  17</p>	<p><b>Björn</b>  Aðalheiður Jóna  Hanna Marín  Ana Maria  Anton Logi  Emanúel  Sara María  Sólrún Alda  Weronika Anna  Tinna Malín  Þórný Sara  Birkir B  Eva  Olga  Þorsteinn  Elís  Ísak Óli  Nóel  17</p>
--	---	--

<p><b>Ása</b>  Erika Magnusdóttir  Heiðmar Örn  Hilmar Þór  Jóna Birna  Kristófer Snær  Lilja Rut  Ólafur Skagfjörð  Rut Marín  Heiðar  Selma  Snæbjörn Þ  Snæbjörn Rolf  Tanja  Marey  Telma Ósk  Lovísa  Embla Karen  María Mist  18</p>	<p><b>Katý</b>  Emilía Susan  Jón Ólafur  Þórir Örn  Katrín Lind  Kristbjörg Eva  Magnus Adrian  Katla  Kimmý  Hildur Sigríður  Thomas  Viktor  Jóhann Sigurður  Alexandra  Hulda  Kolfinna  Sara Þorvalds.  Þóra  18</p>	<p><b>Maggi</b>  Alexander Breki  Friðrika  Reimar Óli  Sonja Li  Agnar Dan  Birkir Rafn  Eypór  Elísabet Ýr  Gabríel  Hallfríður  Hildur Jana  Sölvi Steinn  Tanía Sól  Guðrún Sóley  Natalía  Henrihs  Birkir Guðnýjarson  17</p>
--	---	---

<b>8x</b>	<b>8y</b>
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Aðalheiður</li> <li>2. Hanna Malín</li> <li>3. Sólrún Alda</li> <li>4. Weronika Anna</li> <li>5. Dagbjartur Búi</li> <li>6. Guðmundur Hlífar</li> <li>7. Heiðmar Örn</li> <li>8. Kristófer</li> <li>9. Ían</li> <li>10. Reimar</li> <li>11. Hilmar</li> <li>12. Alexander</li> <li>13. Þorgeir</li> <li>14. Amanda Eir</li> <li>15. Þórný</li> <li>16. Tinna</li> <li>17. Ísidór</li> <li>18. Helga Vala</li> <li>19. Lilja Rut</li> <li>20. Regína</li> <li>21. Friðrika</li> <li>22. Emilía Susan</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Rut Marín</li> <li>2. Sonja Li</li> <li>3. María Björg</li> <li>4. Þórir Örn</li> <li>5. Jón Ólafur</li> <li>6. Tómas Páll</li> <li>7. Anton</li> <li>8. Emanúel</li> <li>9. Daníel</li> <li>10. Ólafur</li> <li>11. Adrian</li> <li>12. Logi Steinn</li> <li>13. Þórhildur</li> <li>14. Katrín Lind</li> <li>15. Kristbjörg</li> <li>16. Helga Dís</li> <li>17. Lilja Kristín</li> <li>18. Jóna</li> <li>19. Ana</li> <li>20. Erika</li> <li>21. Sara</li> <li>22. Aníta Líf</li> </ol>
<b>9x</b>	<b>9y</b>
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Salka</li> <li>2. Hallfríður</li> <li>3. Selma</li> <li>4. Diljá</li> <li>5. Hildur Sigríður</li> <li>6. Birkir Rafn</li> <li>7. Eva</li> <li>8. Eyþór</li> <li>9. Gabríel</li> <li>10. Thomas</li> <li>11. Viktor Orri</li> <li>12. Elías</li> <li>13. Þorsteinn</li> <li>14. Birkir Haralds</li> <li>15. Elísabet Ýr</li> <li>16. Jessica ísól</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Sölvi</li> <li>2. Hildur Jana</li> <li>3. Snæbjörn Þ.</li> <li>4. Heiðar</li> <li>5. Ísak</li> <li>6. Vilhjálmur</li> <li>7. Katla</li> <li>8. Kimberly</li> <li>9. Olga</li> <li>10. Snæbjörn Rolf</li> <li>11. Agnar Dan</li> <li>12. Kristján</li> <li>13. Jóhann Sigurður</li> <li>14. Tanía Sól</li> <li>15. Birkir B</li> </ol>

10x	10y
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Alex Máni Sveinsson</li> <li>2. Mikael Aron Jóhannsson</li> <li>3. Guðrún Sóley Halldórsdóttir</li> <li>4. Kolfinna Ýr Birgisdóttir</li> <li>5. Marey Dórothea Maronsd. Olsen</li> <li>6. Ævar Freyr Valbjörnsson</li> <li>7. Breki Mikael Adamsson</li> <li>8. Hulda Guðrún Jóhannesdóttir</li> <li>9. Raket Rán Sigurjónsdóttir</li> <li>10. Bríet Berndsen Ingvadóttir</li> <li>11. Þóra Björg Björnsdóttir</li> <li>12. Telma Marý Arinbjarnardóttir</li> <li>13. Anton Karl</li> <li>14. Elvar Hólm</li> <li>15. Henrihs</li> </ol>	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Haraldur Máni Óskarsson</li> <li>2. Ísak Óli Eggertsson</li> <li>3. Embla Karen Sævarsdóttir</li> <li>4. Lovísa Lea Jóhannsdóttir</li> <li>5. Alexandra Ýr Viktorsdóttir</li> <li>6. Sara Þorvaldsdóttir</li> <li>7. Natalía Hrund Baldursdóttir</li> <li>8. Telma Ósk Þórhallsdóttir</li> <li>9. Tanja Dögg</li> <li>10. Elís Þór Sigurðsson</li> <li>11. Nól Bent Theódórsson</li> <li>12. Daníel Freyr Jónsson</li> <li>13. María Mist</li> <li>14. Aron</li> <li>15. Birkir Klein</li> <li>16. Klara Fanndís Fannarsdóttir</li> </ol>